

REGLUGERÐ

um bann við notkun erfðabreytts fódurs í sauðfjárrækt.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðarinnar er að auka samkeppnishæfni íslenskra sauðfjárafurða.

2. gr.

Erfðabreytt fódur.

Erfðabreytt fódur inniheldur eða samanstendur af erfðabreyttum lífverum eða er framleitt úr eða inniheldur innihaldsefni sem eru framleidd úr erfðabreyttum lífverum.

3. gr.

Notkun.

Framleiðanda eða umráðamanni sauðfjár er óheimilt að fódra sauðfé með erfðabreyttu fódri.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, tekur þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. október 2016.

Gunnar Bragi Sveinsson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Kristján Skarphéðinsson.